„Ingimundur gamli"

Blað Ungmennafél. „Vatnsdælingur"

1. tölubl. | 26. Janúar 1941. | XXII. árg.

Viðhorf

heimilanna til félagssamtaka unga fólksins

Tunpá stöndum við gagnvart þeirri staðreynd, að það er of margt fólk, sem leytar úr dreifbýli sveitanna í þéttbýli kaupstaða og sjávarþorpa. Er þetta eitthvert mesta þjóðfélagsvandamálið að glíma við – og er margra ráða leitað þó misjafnlega gefist til árángurs. En almennt virðist svo álitið, að ekki þurfi einungis að stöðva fólks-

- flóttann úr sveitunum, heldur þurfi að beina einhverjum hluta bæjarbúa upp í sveitirnar aftur.

„En það er hægra um að tala en í að komast, og þótt þetta vandamál sé að mestu hafið yfir flokkadeilur og dægurþras er útkoman allt annað en glæsileg. Staðreyndin er sú að jafnvel þeir sem fegurst tala um ágæti sveitalífsins, forðast það, sé um annað að velja. — Meðan svo er, er ekki gott að vænta nema tekið sé í taumana með valdboði. Koma þá lög um byggðaleyfi til greina, en þó ber að forðast slíkt valdboð í lengstu lög. Fyrst á að keppa að því, að gera sveitirnar það byggilegar að þær geti keppt um fólkið við kaupstaðina með frjálsri samkeppni — og hvernig á að fara að því?

Fyrst þarf að gera sér það ljóst hvað það er, sem fólkið sækist eftir í kaupstöðunum.

~~Jú, léttari vinna, styttri vinnutími~~

Jú, það mun vera: betri húsakynni, meiri þægindi, léttari vinna, styttri vinnutími, hærra kaup og síðast en ekki síst meiri skemmtanir og félagslíf. Hafa nú nokkur atriði verið

til lands og verður það að nægja hér, þar sem þar sem ekki er meiningin að ræða þetta mál á breiðum grundvelli.

Að vísu mun seint verða unnt það að ráða að sveitafólkið geti veitt sér húsakynni og þægindi, sem keppt geti um bestu og íburðarmestu íbúðir kaupstaðanna, enda er vel þó svo sé ekki - auk þess, sem á það ber einnig að líta að taka verður meðaltal af húsakynnum kaupstaðafólksins til samanburðar við þær kröfur, sem við gerum um húsakynni sveitabæja. Nægilega rúmgóð og haganleg húsakynni með nægilegri upphitun þurfa að verða á hverju sveitabýli á landinu. — Nægilega rúmgóð tel ég þau hús vera, þar sem hægt er húsakynnanna vegna að framkvæma ýmiskonar heimilisiðnað, miðað við þarfir hvers heimilis, þó því sé sleppt, sem til mála getur komið, að nokkuð af iðnaði kaupstaðanna sé framkvæmdur í sveitunum, einkum þar, sem vel hagar til um notkun rafmagns. Aukin möguleikar til almennari notkunar rafmagns, er annars tvímælalaust eitthvert stærsta velferðar-

mál landbúnaðarins og lausn þess mundi gjör-
breyta íslenskum sveitum, meir en hægt er að gjöra
sér ljóst í fljótri svipan.
Á sama hátt og með húsakynnin, þarf, þegar
komið er saman vinna og kaupgreiðsla í sveit-
~~um~~ og kaupstað að taka tillit til, ekki ein-
ungis þeirra, sem bezt kjörin hafa, heldur
og þeirra, sem minnst bera úr býtum. Það
má ekki einblína á hálaunamennina, sem
að vísu margir hafa lítið starf, ekki heldur á
skrifstofumanninum, sem getur ætíð gengið
þrifalega til fara og er ekki bundinn við starf
sitt, nema fjórðahluta sólarhringsins, – það
verður líka að hafa daglaunamanninn í
huga, sem vinnur óþrifalegustu og erfiðustu
verkunum og atvinnan fæst ekki nema með
höppum og glöppum. Setjum okkur í spor
þeirra manna, heimilisfeðra og annara sem
sjaldnast eiga vísa vinnu, en verða þó dag
hvern að vera á hnotskóg milli vinnustöðv-
anna, eftir því að mega vinna. Sú er af-
leiðing þess, þegar of margir eru um vinnuna
og vinnan er of dýr. Væru verkamennirnir
hæfilega margir miðað við eftirspurnina, yrði

atvinnan stöðugri og verkamaðurinn
þyrfti ekki eins hátt tímakaup, til þess þó
að árskaupið verði fyllilega sambærilegt.
Allir ættu og að skilja hversu háa kaupgjald-
ið er mikill dragbítur á framleiðsluna og
framfarirnar á landinu.
Til þess að sveitirnar geti keppt við kaup-
staðina um verkafólkið, þarf að gera nokkra
breytingu á starfsháttum þar. Sú breyting
byggist á bættum samgöngum og stóraук-
inni ræktun. Með því móti getur landbúnað-
urinn tileinkað sér tækni nútím-
ans og gjört vinnuna með því, afkastameiri
léttari og skemmtilegri. – Vinnutími í
sveitum er líka víðast hvar heimskulega lang-
ur t. d. um heyskapar-tímann. Tólf stunda
vinnudagur hvað þá lengri, byggist á úreltum
venjum, síðan bændur höfðu mjög ófullkomin
verkfæri og afköstin byggðust á tímalengdinni,
sem varið var við verkið. Tíu stunda vinnu-
dagur er allsstaðar nógur t. d. um heyskap-
artímann þó jafn sjálfsagt sé er mikið liggur
við, eins og við heyþurrk og heimflutning, að
binda sig ~~að~~ ekki við stundafjöldann

Hvað verkakaup í sveitunum snertir, er það að vísu satt, að það er lægra en verkakaup í kaupstöðunum og við opinbera vinnu. Þar er um ósamræmi að ræða, sem þarf að lagfærast og meðan það er ekki gert er hægt að segja að öll viðleitni til þess að stöðva fólksstrauminn úr sveitunum sé kák eitt. Sömu vinnu á að greiða með sama „nettó" kaupi hvar sem er á landinu og það á að færa kaupgjaldið til samræmis við kaupgjaldið í sveitunum. Það mundi þýða, fyrir kaupstaðafólkið: stöðugri atvinnu, hærra árskaup, öruggari framtíð fyrir sveitafólkið: markvissari undirbúning undir lífsstarfið og meiri lífshamingju, sem byggist á því að unga fólkið hætti að vera á flökti, landshornanna milli, í leit að auðveldari lífskjörum, sem oftast reynast ímynduð. Sá sem ekki keppir að ákveðnu marki, kemst aldrei langt, og því fyr, sem hann eygir takmarkið því meir orkar hann með lífi sínu. Og nú er ég kominn að síðasta atriðinu, sem þarf að fullnægja í sveitunum – og ég nefndi áðan – en það er auknar skemmtanir og félagslíf.

Lausn þess er auðfengin, sé um það að ræða að sveitaheimilin séu nægilega fólksmörg og fólkið hugsi ekki sífellt um það að sækja þaðan á brott í von um auðveldari lífskjör. Um leið og fólkinu fjölgar í sveitunum vex félagslífið og möguleikar til aukinna skemmtana um leið.

Sumum finnst nú e.t.v. að ekki þurfi að auka möguleika unga fólksins til þess að sækja dansskemmtanir. Mun sennilega vera hægt að finna ýmsa heimilisfeður sem finnst helst til mikið um það að verkafólk þeirra sæki slíkar skemmtanir um heyskapartímann. Þessir menn hafa nokkuð til síns máls, en á þá staðreynd má benda, að sá sem skemmtir sér vel yfir sumarhelgina, gengur að öðru jöfnu glaðari og reifari til verks, í hönd farandi viku. Hitt er full sanngjarnt að tala um að dansskemmtanir eru ekki þær heppilegustu sem völ er á um sumartímann. Betra væri fyrir fólkið að sameina sig í stærri eða smærri hópa og ferðast á hestum um nágrennið. Fylgir jafnan slíkum ferðalögum, góð stemning. Bændur eiga að ljá vinnufólki sínu hesta

um sumarhelgarnar án endurgjalds.
Slíkt er greiði sem fólkið metur og endurgreiðir í verkum sínum í þágu húsbændanna. En geti það ekki fengið hesta er það til neydd að ferðast með bíl og er þá sjálfsagt að fá sem flesta farþega til að dreifa kostnaðinum. Á hvörfunarstaðinn verður svo einhver danssamkoman, því að um það sameinast fólkið helst. — Annars þarf ekki svo mjög að kvarta yfir fólksfæð í sveitinni um sumartímann, en um veturinn er öðru máli að gegna því þá má segja að lýð-skortur standi félagslífinu fyrir þrifum. Hitt er þó verra að skilningur fólksins á þörfum góðs félagslífs er ekki nægilega mikill. Gætir þess bæði hjá yngri og eldri. — Foreldrar ættu að hugleiða það hversu gagnleg uppeldis áhrif góður félagsskapur hefir á unglingana. Góður félagi verður að öðru jöfnu betri borgari, en sá sem ekki þekkir skyldur félagslífsins.
Þessvegna eiga foreldrar og heimilisfeður að stuðla að því að unglingarnir gangi í æskulýðsfélög strax eftir fermingar aldur.
Um það leyti fer útþrá að gera vart við sig

og löngun til að starfa sjálfstætt að nýjum viðfangsefnum. Á þessum árum þykir þó í flestum tilfellum of snemmt að senda unglingana í skóla og eru þá æskulýðsfélögin tilvalinn starfsgrundvöllur þar til skólavera hefst. Úr skólunum ætti svo fólkið að koma heim í félögin, þroskaðra og starfhæfara. Það er skólunum að kenna sé svo ekki og ættu forráðamenn skólanna að íhuga það.
Gera má ráð fyrir að það sé ósk flestra foreldra í sveit að m.k. eitthvað af börnum þeirra haldi tryggð við átthagana og taki við þar sem þeirra starfsorka þrýtur. Þessvegna eiga foreldrarnir að miða uppeldi barna sinna við það að svo geti orðið. Það þarf að meðhöndla barnið og unglinginn eins og plöntu, sem fyrst er fóstruð í vermireit og síðan við smábreyttan aðbúnað, er gert fært um það að lifa sjálfstæð og óstudd. Samkvæmilega má ekki ofbjóða barninu með vinnu, svo það fái ekki óhug til starfsins. En það þarf að fá því smá aukin viðfangsefni til að glíma við, eftir því sem þroski þess og geta vex. Sumt af þessum æskilegu viðfangsefnum

er að finna, innan vébanda æskulýðs-
félaganna og þessvegna eiga foreldrarnir
að vera þeim hlynnt og glæða skilning
barnsins á því að rækja vel þær skyldur
sem félagið leggur þeim á herðar.
Á unga fólkið falla oft þungir dómar
um alvöruleysi og lausung. Það á að vera því
að kenna hversu mörg sveitin er eydd af
fólki. Má vel vera að svo sé; en ekki nema að
nokkru leyti. Var það t.d. því að kenna
að á árunum fyrir og eftir 1930 hittist varla
sá bóndi, sem ekki taldi sig vilja skipta á
jörðinni sinni og húsi í höfuðstaðnum? Ég segi:
Hitt mun sanni nær að þetta trúleysi bænd-
anna hefir gengið í arf til barna þeirra og
hefnir sín grimmilega, bæði á þeim sjálfum
og þjóðinni í heild. Það stendur því engum
nær en bændunum sjálfum og svo ríkisvaldinu
að endurvekja þessa trú og skilning æskunn-
ar á þýðingu og möguleika okkar sveitalífs.
Þessvegna eiga bændur og heimilisfeður
út um hinar dreifðu byggðir okkar lands
að hlú að börnum sínum og gefa þeim
vaxtarrými, með að við þær kröfur sem nútíminn

gerir. Og það þarf að muna það, að það er
ekki nóg að senda unglingana í skóla. Skól-
inn er aðeins einn þáttur í skóla lífsins og má
ekki vera slitinn úr samhengi. Foreldrarnir
æskulýðsfélögin og skólarnir eiga að haldast
í hendur með það að móta góða, þroskaða
og starfsfúsa þjóðfélagsborgara, sem skipa
sér þar í sveit sem þörfin er mest. – Það á
að vera viðhorf heimilanna til félagssamtaka
unga fólksins.

Ritað fyrsta þorradag 1941.

Gr. Gíslason.

„Mín fyrsta ást."

Þegar ég var 8 ára varð ég í fyrsta og eina
skiptið ástfangin.
Foreldrar mínir áttu lystihús í þorpi einu
og þau höfðu líka töluvert af hænsnum.
Ég hafði oft séð mömmu taka hænurnar
þegar þær vildu liggja á, og dýfa hausnum
á þeim ofan í vatn. Dag nokkurn þegar ég
átti að sækja úr hreiðrunum var þar ein hæna

sem ekki vildi fara af eggjunum. Þá tók
ég hana óhikat og hélt henni nidri í vatns-
keri þangat til hún lá steindaut á botninum
á kerinu. Sá fyrsti er sá hvat ég var at gera
var Pétur sonur eins nábúa okkar. „Nú verdur
þú barin", sagdi hann og örvita af hrædslu
flúdi ég nidur í gard og faldi mig þangat til þat
var komit kvöld. Þá læddist ég dautmyrkfælin
inn og mér til mikillar undrunar vart fólk
at eins glatt yfir því at ég skildi koma. Þau
höfdu leitat at mér og hænan var ekki nefnd
fyr en seinna um hvöldit, þá heirdi ég þakka
segja vit mömmu: „þat er ljóti strákurinn
þessi Pétur. At hænum skildi detta í hug at
drekkja einni hænunni okkar."
Upp frá þessu augnabliki vart Pétur eins og
hetja í mínum augum. Hann hafdi tekit
sökina á sig, og síðan skedi þat oft, at hann
vart bjargvættur minn. Síðast, þegar ég
var átján ára og hafdi fengit leyfi til þess at
fara á ball, met þeirri skuldbindingu at ég
kæmi heim kl. 10. Klukkan 12 fylgdi
Pétur mér heim og sagdi þakka og mömmu
at vit værum trúlofut, og ég slapp vit ávítur

Nú erum vit Pétur gift og hvorki hann
eda ég höfum nokkurn tíma ~~til at~~ haft ástædu
til at ydrast þess.

Mín fyrsta ást.

Ég var lítill drenghnokki, á fjórda ári þegar
ég vard í fyrsta og eins skiptid ástfangjum
Módir mín var dáin og fadir minn var
fátækur og atvinnulaus. En svo félk hann
atvinnu í Grænlandi og ég sá hann ekki
eftir þat. Mér var komit í fóstur hjá bænda
fjölskyldu. Ég man eftir hvöldinu sem
fadir minn fór met mig þangat, ádur en
hann ætladi at fara (~~met mig þangat~~)
til Grænlands. Ég grét og vildi fara met
hænum en hann átti bágt met at gráta ekki
líka því ég var þat eina sem hann átti.
Til þess at hugga mig sótti fóstur fadir minn
litlu dóttur sína. Hún var dálítit yngri en
ég. Hún var háttut svo hún kom í sídum
náttkjól met brúdu á handleggnum. Vit
horfdum hvort á annat góda stund. En börn
verda fljótt vinir og fljótlega var leikurinn

lyggjatur og ég var svo uppdekinn, að ég tók ekki eftir því að faðir minn fór.
Ég ólst upp með Veru. Þegar ég var átján ára, átti ég að fara í skóla og þegar tíminn sem ég skildi fara nálgaðist, varð mér svo undarlega órótt innanbrjósts við hugsunina um skilnaðinn við Veru og nú fyrst uppgötvaði ég að ég elskaði hana.

Kvöldið fyrir burtför mína gekk ég út í garðinn. Það var tunglsljós og himininn var sem þakinn af stjörnum. Allt í einu stóð Vera fyrir framan mig. Máninn skein í andlit henni. Það var meira en ég gat staðist. Ég greip hana í faðm mér og hvíslaði: „Vera, ég er veikur af sorg út af því að eiga að vera án þín. Lofaðu því að þú skulir bíða eftir mér!“

Ég varð glaður þegar hún svaraði: „Það hef- þú verið að uppgötva heimskinginn þinn. Ég kom hingað af því ég hugsaði að tunglið mundi hjálpa þér til þess að láta þetta í ljós. Ég kom heim úr skólanum og stuttu eftir fékk ég bréf um það, að faðir minn væri dáinn. Ég fann ekki til neinnar sorgar yfir því ég mundi varla eftir honum. Nú erum við Vera gift og þegar hún kemur inn, í síða nátt-kjólnum sínum með litla soninn okkar á handleggnum til þess að bjóða góða nótt sé ég fyrir mér, í huganum, litlu stúlkuna með brúðuna sína.

Lausl. þýtt

Námskeið.

Víða um landið eru haldin ~~námskeið~~ ýmiskonar námskeið um lengri eður skemmri tíma. Oft er það svo, að þau eru meira til hvatningar og uppörvunar, en verulegs lærdóms, enda ekki að búast við því, ef þau standa stutt.

En þótt það sé aðeins hvatningin, getur hún þó oft verið undanfari þess, sem stærra er. Frá námskeiðunum hefir stundum sprottið það, sem hefir svo haft mikla og varanlega þýðingu. Má þar sem dæmi nefna stofnun Ræktunarfélags Norðurlands. Fyrsti vísir að því varð til á

námskeiði á Hólum í Hjaltadal, mig minnir 1902 eða rétt uppúr síðustu aldamótum.

Ég hef stundum verið að hugsa um það, hvort ekki myndi heppilegt, að ungmennafél. færi að beitast fyrir námskeiðum. Hér eru ótal verkefni óleyst og víst veitti ekki af, að hrófla eitthvað við félagsskapnum og reina að hvetja til meiri félagslegra átaka.

Við þyrftum námskeið í ýmsum greinum. Mætti þar fyrst nefna ýmsum íþróttum t.d. glímunni. Hér kann enginn ungur maður þá list að nokkru ráði.

Menn eru hræddir við að detta og nenna ekki að reyna á sig það sem glíman útheimtir. Ungmennafél. hér eru hættir að reyna að stökkva, mætti þó hafa það fyrir fastan lið á hverjum einasta fundi. Ég tel vafamál að þeir bestu innan félagsins stykkju hærra en rúmlega sér í nafla og með tilhlaupi þó.

Ég tel enga prekram fyrir ungmennafél. að eignast tréhest, til þess að stökkva yfir. Það yrði mörgum hvatning að æfa sig, ef hann væri við hendina á fundum.

Enginn ungmennafél. kann sem heitir á skíðum, eins og það er þó dásamleg íþrótt, sé hún rétt lærð og iðkuð að ráði, enda kemur sér vel í snjóavetrum. En nú er altalað að mjög mundi botninum á ungmennafél. mönnum hér verða fyrir harðbráki ef landið sporðrisi nokkuð að ráði, því að engin er kunnáttan.

Þá mætti ennfremur benda á þá nauðsyn, að fá mann, er gæti kennt ungu fólki hér fjórraddaðan söng, þótt ekki væri nema lítinn tíma.

Best væri ef hægt yrði að fá mann er gæti kennt bæði söng og íþróttir, en hæpið er það að fá slíkan mann.

En hér þarf eitthvað að hefjast handa, því að þetta hvorutveggja er að fara hér allt í hrif.

Þá er og ömurlegt til þess að hugsa

að hér í sveit kann til dæmis ekki einn einasti ungur maður eða ung stúlka á orgel svo teljandi sé. Ég vildi þá skjóta því hér inn í, að mörg efna heimili eru hér í dalnum, er virðast hafa bestu ráð á því að láta einhverja af unglingunum læra á orgel en sú er ekki raunin á. En það er hinsvegar tæpast von að unglingarnir taki þetta nám upp hjá sjálfum sér ef engin er hvatningin.

Ég vík þá aftur að námskeiðunum og vildi þá benda á það, að námskeið í handavinnu gætu og verið mikils virði. Námskeiðin yrðu hentugust síðari hluta vetrar, þá mundi margur einn hafa afgangs tíma frá verkum sínum. Ég hef heyrt að ungmenna samband sýslunnar hugsi sér að koma á námskeiðum þar sem fleiri sveitir sameinast um þau en réttara tel ég að þau verði að mestu eitt fyrir hvern hrepp, þá verður þátttakan miklu almennari

Hér er til dæmis svo þétt byggt að það væri flestum leikur einn að mæta hér í samkomuhúsinu alllangan tíma á hverjum degi meðan námskeiðið stæði yfir.

Kr. Sigurðsson.

Smávegis.

Þegar Napoleon keisari háði verslunarstríð við Englendinga fyrir skipaði hann að brenna skyldi öllum smygluðum ~~vörum~~ enskum vörum. Dag nokkurn þegar keisarinn reið út sér til skemmtunar um nágrennið lá leið hans gegnum lítið sveitaþorp. Allt í einu fann hann mjög sterkan kaffiilm, og við nánari athugun komst hann að raun um að lyktina lagði frá prestsetrinu. Nú var kaffi eitt af þeim vörum sem einungis fengust úr enskum skipum, svo Napoleon varð mjög reiður. Hann stökk af baki og gekk inn í

húsið. Í eldhúsinu fann hann gamla prestinn sem var að brenna kaffi á pönnu. „Hvað eruð þér að gjöra þarna" spurði Napoleon hvatskeytslega. Presturinn svaraði mjög rólega: „Ég er að framkvæma fyrir skipan yðar hátignar, og brenna smyglaðar enskar vörur". Þá brosti Napoleon og lét hann halda áfram við verk sitt.

Stakkelberg greifi, sendiherra Rússa í Póllandi þótti hafa sjálfsálit meira en góðu hófi gegndi. Eitt sinn kom nýr sendiherra til pólsku hirðarinnar, austurrískur aðalsmaður, að nafni Thugut. Þegar hann kom til þess að kynna sig fyrir konunginum og gekk inn í móttökusalinn, sá hann mann, sem sat þar og hallaði sér mjög makindalega aftur á bak í hægindastól. Var hann umkringdur hirðmönnum, sem hneigðu sig fyrir honum. — Þetta var Stackelberg greifi.

Thugut hélt, að þetta væri konungurinn, og snéri sér til hans með viðeigandi undirgefni. Greifanum og lét hann standa í þessari trú, þangað til konungurinn kom inn í salinn og heilsaði sendiherra Austurríkis, sem varð mjög gramur, er hann sá misgrip sín. En um kvöldið fékk hann tækifæri til þess að jafna reikningana.

Hann var boðinn að borða með konunginum, og eftir máltíðina sat hann að spilum með konungi og Stackelberg greifa. Sló hann þá út spili sínu og af tilviljun og sagði um leið: „Hérna er laufa kongurinn". „Nei, þetta er gosinn", sagði konungurinn brosandi. Austurríkis maðurinn lést verða hissa, strauk sér um ennið og sagði um leið og hann leit út undan sér á Stackelberg greifa: „Fyrirgefið, yðar hátign, þetta er í annað skiptið í dag, sem ég sé feil á kongi og gosa"!

Stackelberg beit á vörina og þagði.

„Ingimundur gamli"

Blat Ungmennafél. „Vatnsdalingur"

2. Tölubl.	April 1941	XXII árg.

Sveitin mín.

Hve yndal er sveitin þat sé ég og finn
og sælt er at eiga þar heima
ég veit ekkert fegra en Vatnsdalinn minn
og vil því hans minningu geyma.

Er vorit hér kemur met vænþýtan mátt
vetrarins hrímkal at bræta
og sólgeislar brosa úr sutrænni átt
sendir at likna og græta.

Þá beljar fram áin með ógnandi nið
svo álfar í klettunum nötra
og jakarnir bresta og bylltast þar við
er brýtur hún af sér þá fjötra

Þá grær allt í hlíðum og grænkar hvert lim
og glaðlega fuglarnir kvaka
þá sólin allt gleður með geislanna rím
svo gott er að starfa og vaka

Á sumrin er allt með þeim sólríka blæ
er seyðir hvert einasta hjarta
Er ljósroðin morgunsins lyftir yfir bæ
þá ljómar öll sveitin mín bjarta.

Í algrænum hlíðunum blikar hvert blóm
og brosir mót geislanna hlýju
og fuglarnir syngja með síglöðum róm
söngvana gömlu og nýju

Þá nú allir lifinu ljómandi vel
svo léttir og glaðir í huga
og muna nú ekki að myrkur og hel
mennina stundum vill buga.

En svo kemur haustið með hrímu yfir dal
og hljóðlegar nætur og daga
frost er þá oftast í fjallanna sal
og fölnar hvert stráið í haga

En brátt kemur vetur og býður ei neitt
sem best má í sumrinu finna
en margt getur okkur hann voldugur veitt
sem væri ei meðfæri hinna

Hann á eitt svo fagurt, sem enginn fær gleymt
það oft hefur huga manns laðað
er norðurljós tunglskin og stjörnur þá streyma
og stórfina í geislunum baðað

Já margt býður sveitin oss börnunum sín
sem best er og fegurst á jörðu
hvort vinlegt er úti og vorsólin skín
eða vetur með frostélin hörðu.

M.

Við fjármensku.

Vond fordæða, vömmum stæð
virðist æði hreykin
byggð um lætist bændum skæð
bölvuð „mæðiveikin"

Sú hefir tekið frá oss flest
féð úr rekið högum
Er sú freka ólánspest
orðin sek að lögum.

Á. K.

Smávegis.

Maður nokkur var eitt sinn á dýraveiðum. Þar sem hann var mesti veiðiklaufi, hafði hann ekkert getað skotið. Á heimleiðinni mætti hann strák, sem bar poka á bakinu. Hann spurði strák hvað hann væri með í pokanum, og sagði hann að það væri lifandi héri, sem hann hefði náð í gildru. Datt þá veiðimanninum snjallræði í hug. „Ágætt drengur minn," sagði hann. „Láttu mig fá hérann fyrir 5 mörk". Strákurinn varð hinn kátasti og þakkaði honum hjartanlega fyrir viðskiftin. — Veiðimaðurinn bað nú strák að fara með hérann og binda hann við tré, sem stóð þar skamt frá; hann ætlaði að skjóta hann til dauðs því hann varð að vera með skotsár.

Þegar strákurinn hafði bundið hérann við tréð og mælt nákvæmlega 10 skref frá, spenti veiðimaðurinn gikkinn, lagði byssuna upp að vanganum, miðaði lengi og skaut.

„Hæ" hrópaði strákurinn „Sá er nú fljótur

að klappa". „Klappa! Bjáninn þinn! þetta er allt annar héri. Minn hlýtur að liggja þarna" hrópaði veiðimaðurinn gramur.
En strákur skundaði að trénu, kom aftur með bandið og sagði:
„Nei, hann fór. Þér hafið bara skotið sundur bandið!"

Þekktur prófessor dvaldi kvöld nokkurt hjá vini sínum. Þegar hann ætlaði heim var komin hellirigning. Kona vinar hans taldi hann þá á að vera nóttina, þar sem auðsjáanlega mundi ekki hætta að rigna í bráð.
Prófessorinn tók boðinu með þökkum. En litlu seinna var hann horfinn og enginn vissi hvert hann hafði farið. Eftir nokkra stund, þegar átti að fara að hátta, kom hann aftur inn í stofu alveg holdvotur. „En hvað er þetta maður" sagði vinur hans. Hvert fórstu? Ég hélt þó, að þú ætlaðir að vera hérna í nótt til þess að þurfa ekki að blotna?"

„Já, vissulega, kæri vinur" svaraði próf. „Ég hljóp bara heim eftir náttfötunum mínum."

Þegar hinn frægi búktalari Alexander, sem var mjög leikinn í því að gabba fólk með rödd sinni, dvaldi eitt sinn í baðstað í suðurlöndum, kom dag nokkurn Englendingur og settist við sama borð og hann. Alexander heilsaði honum, en Englendingurinn, sem var mjög fámáltur, tók varla undir.
Reiddist þá Alexander og áhvað að gefa honum áminningu. Hann kallaði á hundinn sinn, benti honum að setjast á stól við hlið sér og bað svo þjóninn um tvær vínarpylsur.
„Tvær handa mér líka," sagði hundurinn í sömu andrámi.
Englendingurinn starði undrandi á hundinn, leit svo á húsbónda og sagði með ákefð.
„Með leyfi að spyrja, er þetta hundurinn yðar, sem talar svona?"

„Já, þetta er hundurinn minn, herra minn" sagði Alexander.
„Hvað viljið þér selja hann"?
„Ég er ekki til sölu", sagði hundurinn ákveðinn.
En Englendingurinn hélt áfram að tala hundinum og lagði seinast 2000 kr. fram á borðið.
„Nú, jæja, þér skuluð fá hundinn fyrir þetta verð", sagði Alexander.
„Bravó!", sagði Englendingurinn. „Héðan í frá get ég látið hundinn tala fyrir mig og segi nú ekki eitt orð framar".
„Og ég ekki heldur", sagði hundurinn. Og hann stóð við orð sín.

Tvær vinstúlkur voru að tala um hjónabandið. „Ég ætla ekki að gifta mig fyrr en ég verð þrítug", sagði María. „Og ég verð ekki þrítug, fyrr en ég er gift", sagði Hal[illegible]

Ritstj. H. Sigfússon.

„Ingimundur gamli"

Blað ungmennafél. „Vatnsdælingur"

3. tölubl.	Mánudaginn 14. apríl 1941.	XXII. árg.

Ávarp.

Nú þegar ég tek við ritstjórn þessa blaðs, er mér það ljóst að hlutverk mitt er tvíþætt. Annarsvegar að gera blaðið þannig úr garði að það verði kærkominn liður í fundarstarfseminni. Hinsvegar að blaðið verði málgagn ykkar félagar góðir. Ég hefi alltaf litið svo á að það væri ekki nóg þó blaðið væri fjölbreytt og skemmtilegt að efni ef það eru aðeins örfáir menn sem

sem í það rita, eða þá kannske
ritstjórninni einni, væri nú þann
hátt leikmanni að ráða: á því vali-
sem mjög er hæpið að finna.
Það á fyrst og fremst að vera til-
gangur Ingimundar að koma á
framfæri þeim hugsjónum, sem félag-
arnir almennt eiga og vilja ~~koma~~
gera að veruleika. Með því að svo
væri hefði tilvera blaðsins þrosk-
andi áhrif á félagana – þannig
að hugsanir þeirra yrðu víðfeðmari
og þroskaðri og þeir efldust í að koma
þeim fram fyrir almenning í rit-
máli. Einnig má á það drepa,
sem e.t.v. ekki allir félagarnir hafa
gert sér ljóst, að um leið og þeir ganga
í ungmennafélagið og öðlast þau
réttindi sem það veitir, ganga
þeir undir þau lög og skyldur
sem félaginu eru sett og það setur.
Ef ég man rétt þá er það í reglu-
gerð fyrir útgáfu þessa blaðs að
hver félagsmaður sé skyldur að

láta a.m.k. eina grein í blaðið
árlega. Reynsla undangenginna
ára gerir réttmætan þann dóm
að félagarnir hafi margir hverjir
brugðist skyldum sínum við blaðið
og það að ástæðulausu. Að bregðast
skyldu sinni er ljóður á ráði hvers
manns og ungmennafélögum ekki
sæmandi. Sterkustu stoðir ung-
mennafélagsskaparins eru fórnfýsi
og skylduræknin. Því til hvers er að
hafa glæsilega stefnuskrá, ef
ekki fylgir manndómur til þess
að framfylgja henni.
Í alvöru, geta félagarnir ekki bor-
ið við tímaleysi eða getuleysi, eins
og svo oft heyrist nefnt. Það
virðist oft vera svo að þeir sem
minnstu afkasta þykist alltaf
vera tímalausir og getulausir
er í flestum tilfellum hægt að
bera við. Efni blaðsins eru engin
lágmarksgæði sett, en það er
sett sem lágmark að hver ung-

mannafélagi gerði a.m.k. einu
sinni skyldu sína við blaðið –
græddi mest á því sjálfur – en auk-
inn leið ánægju allra félagsmanna
Það þarf líka enginn að halda
að með því að félagsmenn skrifuðu
almennt í blaðið yrði efni þess
verra, heldur þvert á móti.
Ég vil því að lokum taka það
fram að eigi félag okkar að verða
þess megnugt að sýna þann mann-
ingarvott að Ingimundur mæti á
hverjum fundi, sem haldinn verður
á árinu, þá getur það ekki orðið
á annað öðru móti en því að þið fél-
agar gerið munið eftir honum.
Ingimundur er orðinn gamall og
kemst ekki á fundina, án þess að
aðrir rétti honum örvandi hönd.
Munið eftir gamla manninum
og sendið honum greinar, kvæði
o. fl. frumsamið eða þýtt og ef þið
getið það alls ekki sjálf, þá fáið aðra
til þess að leysa ykkur af hólmi –

jafnvel þó það séu ekki ungmenna-
félagar! – Ingimundur tekur á
móti greinum um hverskonar efni,
smásögum, kvæðum, skrítlum o.s.frv.
en kærast er honum auðvitað að
ræða málefni sóknarinnar og það
hýrnar hvað mest yfir þeim
gamla, þegar hann fær kveðju frá
einhverjum nýliðanum, sem vill
gera skyldu sína gagnvart
honum – enda þótt það sé kann-
ske ekki á sem fullkomnastan
hátt. Hann tekur viljann fyrir
verkið – veit að það verður betra
næst og metur það mest við
ykkur að þið bregðist ekki því,
sem ykkur er til trúað.
Munið að Ingimundur gamli
verður aldrei svo gamall að við
getum ekki tekið hann til fyrir-
myndar.

Grímur Gíslason.

Hægara er kenna heilrædin en halda þau

Doktorsfrú Strandby, formaður kvenfjelagsins í H-købing, flutti fyrirlestra yfir fjölda húsmæðra, er hlustuðu á ~~mál~~ hennar með miklum fjálgleik. Frú Strandby var mikill ræðuskörungur og kryddaði og fyrirlestrana með kýmnissögum, sem fjellu áheyrendum vel í geð. En mesta áherslu virtist hún leggja á að brýna fyrir húsmæðrunum, að gera heimili sín svo aðlaðandi að eiginmenn og börn flýðu þau ekki, og hjeldu sjer skemtana í klúbbum og kaffihúsum. Oft lauk þessum fyrirlestrum frú Strandby, með sameiginlegu borðhaldi þeirra fjelagskvenna. Var doktorsfrúin vissulega ánægð með sig á slíkum kvöldum. Já, og það var víst að furða. Hún, sem var potturinn og pannan í öllum fjelagsskap bæjarins. Fyrst og fremst forstöðukona kvenfjelagsins, ritari í Rauðakrossdeild staðarins o.s.frv.

Dagblöðin í H-købing birtu myndir af doktorsfrúnni og blaðamenn kepptust um, að rita um hana lofsamlegar greinar.
Kvöld eitt um háttleitið er doktorsfrúin ók heim, sá hún sjer til mikilla leiðinda, að ljós var í skrifstofu manns hennar. Hún var alltof þreytt til að hefja samræður, og vildi helst komast hjá að hitta hann.
Er hún kom inní dagstofuna, fleygði hún sjer örmagna í legubekkinn, og tók sjer cigarettu af reykborðinu. Doktor Strandby hafði heyrt til hennar, kom inn og tók sjer sæti í hinum djúpa hægindastól við skrifborðið. Hann var maður nálægt fertugur en hafði útlit fyrir að vera töluvert yngri. „Jæja! Hvað skeggrædduð þið í kvöld," spurði hann og kveikti í pípu sinni. „Vertu nú ekki svona hátíðlegur Róbert," sagði kona hans móðguð. Þú getur vel sjeð að jeg er dauðþreytt, og annað kvöld þarf jeg að flytja fyrirlestur í N-købing. Doktorinn bljes frá sjer þykkum reykjarmekki. „Jeg má þá víst ekki þreyta þig á smámunum einsog t.d. því, að eldhússtúlkan

gekk út úr vistinni í dag, og það sem jeg hefi
ekki sjeð stofustúlkuna síðan í morgun
er jeg hrædd um að hún hafi sjeð í
kjól fyrir konur." Frú Strandby horfði á sjer
hálfreykta cigarettuna. „Hvað á þetta að
þýða," spurði hún dauft. „Hvað meina mann-
eskjurnar að hlaupa á brott?" „Hún hjelt
því fram að hún hefði margsinnis ætlað
að segja upp, en þú hefðir aldrei haft
tíma til að hlusta á hana." Þegar hún
fór, var henni bölvað um húsmóður sem
þættist fær um að kenna öðrum kon-
um að gæta heimila sinna, en væri ekki
fær um að gæta síns eigin." „Og þú
leyfðir henni að fara svo móðgandi orðum
um mig," hvæsti frúin. Doktor Strandby
yppti öxlum. „Hvað hefði jeg átt að gera?"
Um leið og hún fór, fjekk hún mjer …
blaða úrklippu það sem auglýstur var fyrir-
lestur er þú hafðir flutt í húsmæðrafjel-
aginu. Þú hafðir verið svo óvarkár að lá-
þess getið í auglýsingunni, að í þetta sinn
ætlaðir þú að leggja út af því að venjulega
væri það sök húsmæðranna ef stúlkurnar

gengu burtu. Tja! Hvernig eigum við svo að hafa
það hjeðan eftir með húshaldinu? Jeg sje ekki
annað en þú verðir sjálf að gera húsverkin."
„Ertu að reyna að vera skemtilegur," spurði
hún, eldrauð af reiði. „Hvernig heldur þú að
jeg myndi hafa tíma til að halda fyrirlestra
og sækja alla þá mannfundi sem jeg er
viðriðin? Það er sannarlega ekki skemtilegt
að koma dauðþreytt heim og hlusta á alt
þetta þvaður." „Og vertu bara róleg," sagði
doktor Strandby. „Jeg get borðað á járn-
brautar-veitingahúsinu, þangað til þú færð
aðra eldhússtúlku. Farðu nú upp og
háttaðu, ~~þú~~ og reyktu ekki meira í kvöld
það er ekki holt fyrir taugarnar að reykja
Virginia cigarettur sólarhringinn út."
„Og hvað þú ert móðgandi" sagði hún, um leið
og hún fór og skelti hurðinni harkalega
á eftir sjer.
Doktor Strandby sat í þungum hugsunum
og reykti pípu sína. „Móðgandi;" hafði
hún sagt. „Hefi jeg þá ekki ástæðu til að vera
móðgaður. Þannig hefir það gengið undanfarin
tíu ár. „Og að eiga konu, sem alla daga heldur

fyrilestra, situr í samkomum eitt lítt-
hvørt og lítthvørt, kemur síðan á hvørjum
kvøldi heim um miðnátt; úttaugað og
ørgilig." Doktor Strandby visti vel at hann
var kallaður „~~sagatiar~~ doktorsfrúarinnar maður í Havn-
ing", og tað var ikki undarligt. Hann ann
einungis sín dagliga starv ~~og~~ tók ongan
þátt í opinberum málum. Aldrei høfðu
dagbløðini verið nøydd at honum nýtt
gert sær tíðrætt um hann. Aftur í móti
høfðu tau oft verið greinar um hans ynd-
isligu konu. Hvørja mótir hefði ikki ætíð
sum nú at hlusta á hina dásamligu
frú Strandby? Óneitanliga var hon føgur
frægt fyri sín fjøruti ár ~~xxxx~~
Doktor Strandby var hugsað til onnur
konu, sum blaðamenninir nøyddu ikki
gera sær tíðrætt um, til tess var útlit hennar
alt of hvørsdagsligt. Doktor Strandby hefði oft
hugsað um hvussu tað mundi vera at eiga
Gretu Borg, hina føgru prúðu og dular-
fullu stúlkuna & eflaust mundi helga
sig heimilinum. Hon var kanska ikki hrif-
andi nema fyri tann sum horfði í bláu

djúpu eygu hennar.
Nei, nú mátti hann ikki sitja og hugsa með
vitkomni um litlu Gretu Borg. Hann sum var
giftur fegurstu og eftirsóttastu konuni í Havn-
ing.
Kvøldið eftir endurtók seg sama søgan.
Doktor Strandby sat aleina heima. Kona hans
var at halda fyrilestur í N-køping, hon mundi
eflaust koma seint heim. Doktor Strandby
breiddi bitur. Á hesari stundu, líkasum so oft
áður, gjørdi hann sær ljóst at tað var ikki nóg
at eiga stórt og vandað hús, prýtt øllum
hugsanligum skrauti: Nei, heimilið veitti
honum enga ánægju fyri at konan hans
vanrøkti húsmóðurskyldunar.
Skyndiliga rauf símaringingin tøgnina, so
hann hrøkk uppí frá sínum døpurligu hugs-
anum. Hvør gat verið at ringja so seint?
Telefonin var verið at biðja hann at koma
til dautvona sjúklings. Hann greip heyrna-
tólið og ~~xxxx~~ kendi skjótt stirliga at hann hoyrdi
rødd Frk. Borg. Hon bað hann at koma
samstundis at líta á lítlan dreng sum hon
fann á gøtuni, meiddan á føti: Hefði hon

bárt hann inn til sín. Hver sem hlustað
hefði á dr. Strandby, hefði haft ástæðu til
að halda að þessi sjúkravitjun gleddi
hann.— Eftir örlitla stund var hann kominn
heim til frk. Borg. Af mikilli nákvæmni
bjó hann um fót drengsins, er reyndist
vera snúinn í öklaliðnum. Síðan var
send boð eftir foreldrum drengsins, og komu
þau fljótlega. Þar doktorinn hafði gefið
þeim vitneskju um líðan hans, og ráð-
lagt um hjúkrunina, óku þau heim með
drenginn.
Dr. Strandby virti fyrir sjer hina hlýlegu
og aðlaðandi stofu, það leit út fyrir að
hann langaði að dvelja þar um stund.—
„Má jeg leifa mjer að bjóða doktornum
glas af víni eða tebolla", spurði frk. Borg
feimnislega. „Þakka yður fyrir frk. Borg
jeg vil gjarnan þiggja tesopa, þ.e.a.s. ef
það kostar yður ekki mikil ómök."
Jeg var aleinn heima í kvöld, og hefi
ekkert te drukkið." Doktorinn settist, og
kveikti í cigarettu meðan frk. Borg fram-
reiddi teið. Hjá henni kunni hann betur við sig

en heima. Það var ótrúlegt hvað þau frk.
Borg ~~og~~ og dr. Strandby höfðu margt að spjalla.
Raunar var það hann sem talaði en hún hlust-
aði á með athygli. Hann sagði henni frá
árunum sem hann var læknir í útkjálka
hjeraði sínu; lýsti hinum erfiðu ferðalög-
um og áhuga sínum fyrir að stunda veiðar
bæði á sjó og landi.
Þar frk. Borg og dr. Strandby skildu um
kvöldið, höfðu þau ákveðið að borða miðdegis-
verð saman. Þau borðuðu hvort sem var bæði
á járnbrautarveitingahúsinu.
Eftir þetta hittust þau oft, og ekki aðeins
við miðdegisverðarborðið. En af því að H-[illegible]
nig var ekki stór borg, gengu fljótlega upp
slúðursögur um þau, og bárust þær fljót-
lega til eyrna doktorsfrúarinnar. Hún brosti
drembilega er hún heyrði um samband
manns síns og hinnar lítilmótlegu skrif-
stofustúlku. Hvernig dirfðist svo ófeilið
og lágsett manneskja að keppa við hana.
Lítilmótleg hlaut hún að vera, fyrst doktorsfrúin
hafði aldrei sjeð hana eða heyrt.
Næstu daga gerði doktorsfrúin sjer ýmisl

inná póstskrifstofuna til að sjá frk. Borg
þessa stúlkukind, sem allir álitu keppi-
naut hennar. Henni lá við að skella ~~upp~~
hlægja er hún sá litlu frk. Borg. Nei, áreið-
anlega þurfti hún að vera dálítið ósjálfgri[illegible]
til að standast samanburð við glæsilegu-
konu [illegible]. Doktorsfrúin sá ekki fall-
ega, gylta hárið hennar Grétu Borg, nje
fallegu, bláu augun. Hún sá aðeins að and-
lit hennar var ómálað og klæðnaðurinn mjög
óbrotinn.
Frú Strandby var kompakát er hún kom
útá götuna. Hún vissi vel hvernig hún
skyldi snúa sjer í þessu máli, og Robert!
Já, skyldi fá fyrir ferðina! Hún, doktorsfrú
Strandby, hafði ráðlagt svo mörgum giftum
konum hvernig gæta ætti eiginmannanna
ef þeir færu að „skjóta" sig í ungum
stúlkum.
Doktorsfrúin byrjaði með því að bjóða frk.
Borg á kvöldskemtun Rauðakrossdeild-
arinnar, og því næst á afmælishátíð Hús-
mæðrafjelagsins. Frk. Borg kunni ekki við
að afþakka boðin, þar sem doktorsfrúin

bauð henni persónulega, en vissulega langaði
hana ekki til að fara.
Dag nokkurn fjekk hún prentað boðskort,
þar sem hún var boðin í miðdegisveislu á heim-
ili þeirra Strandby-hjóna. Hún gat ekki
skilið hversvegna hún var boðin, og enda þótt
hún ætti ekki neinn fallegan kjól til að fara
í, fjekk forvitnin til að sjá hið marg-
umrædda fallega heimili frú Strandby-
-yfirhöndina.
Doktorsfrúin bauð hana hjartanlega vel-
komna, og gerði sjer far um að beina máli
sínu að henni. Frk. Borg fann að hún var
ekki fær um að taka þátt í samræðum,
sem fjölluðu einungis um stjórnmál,
samkvæmislíf o. s. frv. Margsinnis setti(st)
doktorsfrúin við hliðina á frk. Borg, til
þess að gestirnir og maður hennar gætu sjeð
sjálf, hvílíkur munur væri á þeim.
Frú Strandby klæddist kjól úr rauðbláu
spegilflaueli af dýrustu tegund, og and-
lit hennar hafði fegurðarsjerfræðingur snyrt.
Ekki snyrti frk. Borg í sínum ódýra
bláa kjól og með lítilfjörlega andlitssnyrtingu

standast samanburðinn. Jú, það fór einsog fyr-
ir varði; Róbert sá hinn mikla mun sem
á þeim var. Hann sá að frk. Borg leið illa,
og hann fann mikla löngun hjá sér til
að rétta henni hjálparhönd. Hann gat ekki
skilið hversvegna konan hans gerði sér svo
mikið far um að hæna samræðunum að
frk. Borg og heyra álit hennar á hverju
málefni.
Þegar gestirnir voru farnir varð doktorsfrúnni
að orði: „Ekki er þessi frk. Borg skemtileg
í samkvæmum, þótt hún sé það kannske
þess fyrir utan. Ég bauð henni sökum
þess að ég vildi vekja áhuga hennar fyrir
félagsskap okkar kvenna. En hún virðist
loka eyrunum fyrir öllu." „Æ, góða Eva,"
svaraði doktorinn, „viltu gera það fyrir
mig að láta frk. Borg í friði; reyndu ekki
að umskapa hana, hún er best einsog
hún er." Rödd doktorsins var svo kæru-
leysisleg, að doktorsfrúin sannfærðist um
að ~~hún~~ Greta Borg hefði farið halloka
í samkeppninni.
Á afmælisdegi sínum vildi doktorsfrúin
halda dýrðlega veislu og bjóða fjölda gesta; þar á
meðal Gretu Borg. Dr. Strandberg var því mótfall-
inn að hún væri boðin að þessu sinni, og var
doktorsfrúin sigri hrósandi er hún hugsaði það.
Það fór einsog hún hafði spáð. Maður hennar var
orðinn leiður á Gretu Borg.
Nokkrum dögum fyrir afmælið, var hringt dyra-
bjöllunni í húsi þeirra Strandberg-hjóna, það
var póstsendill með bréf til frúarinnar. Hún
var ekki lítið undrandi er hún þekti skrift
mannsins síns, utaná því. Hann hafði farið
til höfuðborgarinnar, til að sitja þar lækna-
þing, og var væntanlegur heim um kvöldið.
Hvað átti þetta að þýða, að vera að skrifa?
Hún kveikti í cigarettu og byrjaði að lesa:
Kæra Eva! Þegar þú lest þetta bréf verð ég
farinn úr landi. Ég hefi fengið stöðu sem
skipslæknir á stóru farþegaskipi, er siglir
til Suður-Ameriku. Frk. Borg tekur sér
far með skipinu, hún er á leið til Buenos-
-Ayres til að gifta sig. Kærastinn hennar, sem
er verkfræðingur hefir þar fasta stöðu. Ég er
orðinn svo leiður og þreyttur á því lífi
sem ég hefi lifað síðustu árin, að ég ákvað

að hverfa á brott. Nú muntu sjá það að þú hefir misskilið kunningsskap okkar Grétu Borg. Jeg vissi frá byrjun að hún var trúlof[uð] en það skal jeg játa, að mjer geðjaðist mjög ve[l] að henni, og jeg efast ekki um að hún reyn[ist] manni sínum góð eiginkona. Já Eva, þó undarlegt sje, elska jeg þig enn þá, en sjálf[sagt] sagt áttu bágt með að trúa því, þar sem jeg hefi yfirgefið þig. Jeg gat ekki lengur verið sem núll, við hliðina minnar lofandi eiginkon[u] sem altaf var of þreytt til að rækja skyldur sínar sem húsmóðir. Jeg varð hálft í hvoru[m] Á meðan getur þú skotið huga þinn um hvort þú vilt byrja eftir lifa lífinu fyrir mig og heimilið. Viljirðu það, kem jeg aftur. Annars er jeg farinn og kem aldrei aft[ur]

Róbert.

Doktorsfrúin var sem þrumu lostin. Var þetta vonlítið? Skyndilega varð henni ljóst að alt var undir því komið ef hún mætti Róbert. Hún þurfti ekki hálft í til að skilja það, og um leið lygndi yfir sál hennar. Rennsá var ekki öll von úti: Hann hafði ekki farið frá henni vegna þess að hann elskaði aðra konu. Nei, sökin var hjá henni sjálfri, hún hafði ekki breytt samkvæmt því sem hún kendi:

Að sex mánuðum liðnum kom dr. Strandby heim. Gleði hans var óblandin er kona hans tók á móti honum róleg og hamingjusöm; aldrei hafði honum fundist heimili þeirra unaðslegra en nú. Hjer eftir mundi dr. Strandby öðlast það, sem hann hafði svo lengi þráð.

Lausl. þýtt

Smælki

Á skinnsokka öldinni kom sveitamaður í búð í Reykjavík og spurði, hvort þeir væru til sjelstig. Búðarmennirnir fóru að hlæja, og sögðust ekkert slíkt hafa. „Ég var að biðja um stjelvig“, sagði þá karlinn. Búðarmennirnir þóttust ekkert skilja og áttu bágt með að halda niðri í sér hlátrinum. Þá varð karlinn æfur og hrópaði: „Ég ætlaði að segja víg-stjel, ef þið skiljið það.“

Eitt sinn kom Jóh. Kjarval málari, til Bjarna Bíóstjóra í Reykjavík og bað hann að lána sér „fimmtíu kall.“ „Því miður get ég það ekki“, segir Bjarni. „Jæja gott, gerir ekkert,“ segir Kjarval og fer. Nokkru síðar kemur hann aftur til Bjarna og segir: „Ég ætla að borga þér „fimmtíukallinn“.“ „Hvaða „fimmtíukall,“ segir Bjarni, „ég hefi ekkert lánað þér.“ „Jú, þú hefðir gert það hefðir þú getað það,“ sagði Kjarval.

Ritstjóri: Grímur Gíslason

„Ingimundur gamli.“

Blað ungmennafél. „Vatnsdælingur.“

4. tölubl.	Sunnudaginn 16 nóv. 1941.	XXII. árg.

Vetri fagnað.

Heill þú vetur! Heilsað betur
hefurðu flestum slíkum gestum.
Indæl blíða auðar hlíðar
á þó fjallið hvítan skalla
Kvetur lóa ljóð í móa
lating lepp, var skilin eftir
Dýrðar söngva syngur löngum
sjálfum vetri, öllum betur.

Félagi.

Mikil skipulagsgáfa.

„Hvað ætlar þú að gera á hvítasunnunni Kaj?" spurði ég. „~~Ég er að hugsa um að~~ „Ég hugsa að þér þyki það ekki trúlegt, en ég er að undirbúa heimboð eða eitthvað í þá áttina, og ég mun ekki taka á móti neinum heimboðum, því ég verð önnum kafinn alla hátíðina" segir Kaj. „Ég þarf t.d. að leita mér að hentugum tjaldstað."

„Hvað er nú; ætlar þú að fara að leika njósnara aftur"?

„O sei sei nei, ég þarf að annast ferða-lag fyrir mig og fimm vina minna. Við ætlum aldeilis til eins hins fegursta staðar, sem ég þekki en það er skammt frá Svenborg. Það er nálægt mjög fallegu vatni og þaðan er einnig stutt í ölkrána; slíkur staður er tilvalinn þegar maður hefur frjálsa stund frá starfi."

En það er nú ekki beinlínis líkt þér Kaj, að komast úr jafnvægi af hugsuninni einni saman um það, hvað öðrum er til ánægju og gleði. Eða er það nú áreiðanlegt, að til séu fimm fullorðnar manneskjur er leggja líf sitt þannig svo að segja í hendur þínar, eða trúa þér svo fyrir velferð sinni. Það hlýtur þá að vera einhverjir, sem ekki þekkja þig eins vel og ég."

„Af hverju lætur þú svona? Ég er einmitt vel fallinn til að annast svona hluti, þú hlýtur að hafa tekið eftir því. Manstu t.d. ekki eftir því, að ég stóð fyrir förinni til Sjálands-odda?"

„Já. Þá gerði nú hvítasunnuveður og þið náðuð ekki lengra en að Holti og þar átuð þið miðdagsmat og dönsuðuð; svo ókuð þið heim með lestinni."

„En við skemmtum okkur ágætlega, við urðum hvorki þreytt né köld og það var í rauninni mikill ávinningur af ferðinni" svaraði Kaj.

„Hverjir eru það nú eiginlega, sem ætla í þenna leiðangur með þér?" spurði ég.

Kaj taldi á fingrum sínum.

„Það er nú fyrst ég sjálfur, svo Niels Møller, Teófílus Hartmann, Sigurður Berg, Hans Hansen og Friðrik Schultz."

„En það er þó merkilegt að engir af þessum eru kunningjar þínir eða vinir" segi ég undrandi.

„Já, en þegar um það er að ræða að hjálpa meðbræðrum sínum um ljós og loft, skiptir ekki

máli hvort þeir eru vinir mans eða ekki."
„Og vildu þeir nú vera með, allir saman?"
„Já, auðvitað. Ef þú værir ekki svona fjandi hátskur þá gæti ég látið þig vita að ég er viðurkenndur fyrir mikla skipulagsgáfu. Ég man eftir öllu sem muna þarf við slík tækifæri sem þetta.
Já, en eftir á að hyggja, þú gætir líklega ekki lánað mér tjald, ég man það núna að við þurfum að hafa tvö tjöld."
Kaj tók þetta ferðalag mjög hátíðlega. Hann hringdi til mín a.m.k. annan hvorn dag og spurði mig um allskonar smámuni og af spurningum hans gat ég ráðið að hann vissi t.d. ekkert hvernig átti að tjalda, og ég ráðlagði honum að gera tilraun með hvernig tjalda skyldi, áður en hann tæki að sér þenna starfa.

Laugardaginn fyrir hvítasunnu kom hann til mín sigri hrósandi og segir mér að nú sé „allt í þessu fína lagi"
„Ég er viss um að ég hef séð fyrir öllu, sem með þarf", segir hann, ákafa og hann er mig." „Við höfum þegar tvö tjöld og í gær ók ég til Eisenberg og reisti upp tjöldin, svo nú er hægt að taka á móti gestunum þegar þeir koma snemma á morgun".
„Það er vonandi einhver veitingahús þar nálægt?"
„Já, auðvitað er hún nálægt. Það er nú heldur ekki í fyrsta sinn, sem maður undirbýr svona ökkurt; aldrei skortir hvorki mat né drykk. Já, það er satt, ég ætlaði að biðja þig að lána mér síma." Hann hringir.
„Halló! Er það Niels Möller? Góðan daginn Möller, það er Kaj. Nú er allt undirbúið, en það er eitt illt við þetta. Ég get því miður ekki verið með sjálfur." „Hvað segið þér?"
„Já ég er alveg eyðilagður yfir þessu. Ég hef undið á mér fótinn, og læknirinn hefur bannað mér að stíga í hann. - Það er alveg fyrirbyggt að ég megi það. En þar sem allt er nú til reiðu þá skuluð þið nú fara og gera ykkur glaða stund. Já þökk fyrir og ég óska ykkur góðrar skemmtunar. Þökk fyrir og gleðilega hátíð."
Nú hringir hann til allra hinna fjögra og lét þá vita hvernig komið var. Svo kveikir hann sér glaðhlakkalegur í vindlingi
„Hvaða ráðabrugg er nú í þér Kaj. ætlar þú

virkilega ekki sjálfur í skemmtiförina?"
„Nei" segir hann, „en ég þakka þér innilega alla hjálpina og nú langar mig til at skýra þér frá þessu öllu saman. Þú kannast sjálfsagt við hana ungfrú Karen, systir hans Palla Mogensens."
„Jú. Karen Mogensens, ég hefi a. m. k. einhvern tíma heilsat henni, hún er lagleg."
„Lagleg! Það hefði nú verið óhætt fyrir þig at kveða sterkara at orði með það. Mér finnst hún vera yndislegasta stúlkan í danska ríkinu og þó skattlöndin væru talin með, en því miður er ég ekki einn um þetta álit."
„Ekki það? Og hverjir eru hinir?"
„Það er nú Niels Möller, Eiríkur Hartmann, Hans Hansen, Sigurður Berg og Friðrik Schiø"
„Nú fer ég at skilja þessa fyrirhuguðu skemmtiför; hún er þá til þess at koma þessum mönnum burt úr borginni um hvítasunnuna."
„Já, reyndar. Ég þekki þessa pilta, báði ómentaða og ósiðaða. Þeir ætla næstum at gera útaf við veslings Karen, með sífelldum boðum í bíl og bát útá sundin og fleira."
„En það er nú líka vatn við Svendborg."
„Ég varð nú hálf órólegur at það sé þar, sem

þeir geta gjört á hana."
„En hyggst þú at taka þessa ánægju frá veslings Karen?"
„Já það er ætlun mín, ég býst ekki við at henni þyki neitt gaman þar um hátíðina."
„Við sjáum þig þá víst ekki mikið núna um hvítasunnuna?" spurði ég.
„Nei, það verður ekki."
En það varð nú samt sem áður. Kaj kom heim á hvítasunnudaginn.
„Hvað er nú?" spurði ég undrandi „þú ert þá ekki úti, með Karen Mogensen."
„Nei ég kom núna samstundis frá Mogensen" svaraði hann stuttur „en hún var ekki heima."
„Þú skalt ekki taka þér það svo nærri, á morgun er aftur dagur."
„En þú skilur ekki hvernig í þessu liggur" svarar hann þungur á brúnina. „Þjónustustúlkan í húsinu skýrði mér frá því at Niels Möller hafi hringt seinnipartinn í gær og tilkynnt Palla Mogensen at þeir ætluðu í þessa för, en einn mannanna væri veikur og stakk uppá því at hann yrði með, og það gerði hann. En Karen fór líka, og það var

látið heita svo, að hún ætlaði að vera með bróður sínum yfir hátíðina.

Þessi atburður olli því að sumum varð hátíðin býsna óvenjuleg. Kaj var mjög glaður og ég varð undrandi, en þetta kom þægilega flatt uppá herrana fimm er skemmtu sér í tjöldum hjá Svenborg. En það sem vakti mesta undrun var ef til vill það, hvað fótunum á Kaj náði sér fljótt eftir hátíðina.

Laust þýtt.

Smælki.

Dómarinn: Hvaða sönnun hafið þér fyrir því að maðurinn hafi verið drukkinn?
Vitnið: Hann ók hjólhestinum sínum út í lækinn til að brynna honum.

A. við B. Viltu ekki borga mér tíkallinn sem ég lánaði þér
B: Hvaða tíkall. Ég minnist ekki að hafa fengið lánaðan neinn tíkall. A. Já ég lánaði þér hann einu sinni þegar þú varst fullur.
B: Hann, já ég borgaði þér hann einu sinni þegar þú varst fullur

Gamla konan.

Líta fer að lífsins vetri
löng er þegar æfi gengin.
Hefir elli hrammur rúnir
ristað skarpt á enni og vangann
Höndin beina-ber og hvít,
brjóstið mátt og gránuð hárin
tárin liggja framan í augum
þjónum sínum þrælkuns árin.

Ekla ég fær götu greiði
grálunduðu piparfljóði.
Varla heldur mun hún mörgum
mikla hlýju úr hjartans sjóði.
Röddin köld og hvassbrýnd orðin
kærleik fárra unnið hafa
Ofraun flestum hygg ég hennar
hjartans gátuletur stafa

Gamla konan máske mundi
mædd af þreytu og sviknum vonum
Hlaut hún launin langra daga
lítil ögn, frá húsbændunum.

trú og dygg í einu og öllu
ætti þol og mundu sterka.
Þektir sótt til ásta af neinum
ei hún var en meir til verka.

Fár mun einnig að því leita
ef hvort hún í brjósti geymdi
þeim heldur eftir spyrja
um hvað hana forðum dreymdi
Heimsins kalda kærleysi
klökkvan hjartans þrótt og gefur
svo þar kærleiks rósin rauða
rætur illa festar hefur.

Þegar einhver yfir sárin
eða hart á kaunum tekur;
andmæli gegn orðum hennar
í henni „þann gamla" vekur
þá er eins og þannig fljúgi
fyrir norðan vetrum stríðum,
líkt og hefði inn saman safnað
sextíu vetra illsku-hríðum

Hálfrar aldar hjarnið kalið
hamfaranna vetra-glaumur
yfir sökudólginn drífur
dimmra élja orðaflaumur
Svo með ofsanum loksins lægir
létt hann vakið forðu af nýju;
kalda, líkt og þyrnum þrungna
þú munt hljóta aðra spýju.

Þinn brosir máninn.

Ég hef oft verið að velta því fyrir mér hvers vegna, svo að segja, hefir verið lagt niður að fara á skautum.
Eru svellin kannske ekki eins góð og áður? Eða ef til vill ekki hægt að smíða skautana núna? Eða, hefur máninn kannske brugðist skyldu sinni og hættur að skína, svo bjart sé á kvöldin þegar helst var tækifæri til skautaferða?
Áður komu oft saman hópar unglinga, já og jafnvel fleiri en unglingarnir, á björtum vetrar-

kvöldum, til at skemmta sér vit ýmsar íprótti.
Voru þá skautaferdirnar einna mest itkata
íprótlin og sýndist þá þessi glatværi hópur fullur
af lífi og fjöri, skemmta sér allt eins vel og
hringita dansandi ungmennanna á samkoma-
unum nú, fyrir utan þat, hvat þetta er mikit
hollari íprótt en dans.

Nei. Eg held at enn sén til rennsléttar is-
breiturnar og máninn einnig á sínum stat, og
þá hlýtur þat at vera hugsunar hátturinn sem er breitt
En ég spyr ykkur hvern og einn: Hefir þér aldrei
fundist, er þú hefir komit út á heitriku stilltu vetrar
kvöldi er máninn hefir varpat mildum geislum
sínum á fanna- og ísbreiturnar svo þær hafa
glitrat og skynit, at gaman mundi nú vera
at hringja í einhverja kunningja sína og sam-
mælast vit þá, einhvers statar þar sem gott
skautasvell væri, og jafnframt hægt at fara í
fleiri leiki; og skemmta sér saman eina kvöld-
stund. Eg veit at sum ykkar hljóta at hafa
fundit til þessa, einhverntíma. En sumir mundi
ef til vill segja sem svo: Ja, ég hef ekki tíma!
Eg kann ekki á skautum og hef þá enga! o.s. fr.
En mér er spurn: Ætli margir verji betur

þeim fán kvöldum, sem allt helzt í hendur, byrta,
gott vetur og gott skautafæri, en at skemmta
sér met kunningjum sínum; því þat er marg-
vituskennt, réttilega, at þeir sem vinna alla
daga þurfi einhverja hressingu og upplyftingu
frá daglega stritinu. Og hvat er þá nær hendi
og betri skemmtun en þetta, sem allir ættu at
geta tekit þátt í, jafnt kvenfólk sem karl-
menn. Þeir sem ekki kunna á skautum, eta
hafa þá ekki gætu komit eins fyrir þat og farit
í ýmsa leiki svo sem „hlaupa í skartit o. fl. og
sjá svo til hvort þat endat ekki met því at
þeir lærdu líka at fara á skautum.

Þetta er nú ef til vill ekki annat en þat
sem margbúit er at tala og skrifa um, og
mun því líklega hafa lítil áhrif. En ég hef
bara ekki getat stillt mig um at minna á
at enn í vetur sem fyr, mun ísbreitan
hylja landit og máninn brosa gótlátlega
á himninum á heitskirum kvöldum
hvort sem nokkur vill nota sér þat eta ekki

Mánadýsin.

Hvar fór þín yndi?

Frelsið er dýrasta eignin sem áttu
að aldrei það tapist þess gæta þú skalt,
né sjálfstæði lands þíns; það muna vel máttu
að máske það aldregi stendur jafn hallt
Ken þau sem að fúslega að framleiðslu vinna
með framsýni og áhuga sækja sín störf
og auðveldum lífskjörum sífellt ei sinna
en sækja mót brattanum áköf og djörf

Þau fylla víst aldregi flokk þeirra manna
er flýja sitt land þegar hættan við gín
Að sigrast á hersveitum amsturs og anna
við ógetfellt starf, það skal hetjuraun þín
þeir sem að hugdyrft í hættunum sýna
sem hetjulaun öðlast þeir glaðari lund
Ken hvar fór þín yndi og afsökun þína
sem yfirgafst merkið á hættunnar stund.

Félagi

Nú, eða aldrei.

Um fátt er meira talað nú á dögum en hið erlenda setulið hér á landi, „ástandið", eins og það er nefnt, og margþætt inngrip þess í þjóðlíf okkar Íslendinga.

Þó er eitt atriði, sem aldrei er nógu mikill gaumur gefinn af allri alþýðu manna og aldrei nógu oft staðast á af einstökum mönnum, sem hafa séð hvar hættan er fólgin og hafa áhuga fyrir að sporna við henni. Þetta atriði er málverndunin. Verndun þeirrar tungu sem við Íslendingar höfum talað allt frá upphafi; og fram á síðustu ár haldist furðu hreinni og lausri við slettur af öðrum tungumálum. Þótt um nokkurt skeið bæri dálítið á dönsku-blendingi í málinu, meðan verzlunin var svo að segja algjörlega í höndum danskra kaupmanna.

Eins og stendur stafar hættan mest frá setuliðinu, sem nú er mjög fjölmennt, enda er málblendings farið að gæta talsvert í nágrenni við aðal-bækistöðvar þess og því miður, jafnvel farinn að teygja angalýjurnar upp í nærliggjandi sveitir.

Það er naumast hægt að gera sér grein fyrir því í fljótu bragði hve miklar og margvíslegar

afleiðingar það hefði, ef við glötuðum sérkennum
tungu vorrar, en það er víst, að þær afleiðingar
yrðu ekki í hag.

Það er ekki langt síðan það þótti prýði á
hverjum manni, að hann talaði hreint og
fallegt mál; en nú er undra hljótt um það.
Það er eins og fjöldinn hafi glatað tilfinningunni
fyrir því hvað sé fallegt mál og hvað ekki.

Í alþýðuskólunum, sem nú sækir meiri hluti
unga fólksins, bæði úr sveitum og sjávarþorpum,
þar sem kennd eru bæði íslenzka og erlend tungumál
ættu flestir að fá einhverja tilfinningu fyrir
fegurð málsins og metnað fyrir að halda þessum
dýrgrip þjóðarinnar hreinum og óskemmdum.

En þessu virðist ekki vera þannig varið, því það
var fyrst og fremst skólafólkið sem veitti straum
útlendra orða inn í málið nú síðustu árin.

Hvers væri þá ekki að vænta af ómenntaða fólkinu
sem nú hefur tækifæri til að læra fjölda útlendra
orða en fá enga kennslu í sínu eigin máli, eða
hvatningu til að halda því hreinu, heldur þvert á
móti, þar sem flestir keppast við að nota sem mest
af útlendu orðarusli, annað hvort til að sýna
kunnáttu sína eða hitt sem verra er, að það fy[...]

eitthvað meira í munni, sem er hreinasta villa.

Nú, eins og svo oft áður er það sveitafólkið sem
mest veltur á til að leysa vandamál þjóðarinnar
og standa vörð um hag hennar.

Verði það ekki sveitafólkið sem verndar íslenzka
tunguna, nú, þegar henni er ógnað af máli
fjölmenns erlends setuliðs og síðar að öllum líkindum
af stórauknum ferðamannastraum, þá
heilsar íslenzka þjóðin ekki nýrri öld með
hreinni íslenzku.

Nú eða aldrei verðum við að vera vakandi
fyrir þeim hættum sem steðja að tungu vorri
Og eigum við nú ekki „Vatnsdælingar" að taka
höndum saman um að útskúfa hreint og
beint öllum aðkomuorðum úr máli okkar.
Ekki einungis úr opinberum ræðum og ritum
heldur, og þá fyrst og fremst, úr daglegu
máli okkar heima fyrir; þannig, og einungis
þannig náum við góðum árangri í því göfuga
starfi, að vernda tungu vora, sem er einn veigamikill
þáttur í því bandi er tengir oss við
frelsi og sjálfstæði.

Félagi.